



12. mars 2019

Til forstöðumanna stofnana ríkisins og framkvæmdastjóra sveitarfélaga.

**Efni: Um möguleika á að ráða háskólamenntaða atvinnuleitendur með fjárstyrk frá Vinnumálastofnun.**

Ágaetu viðtakendur,

Hjá Vinnumálastofnun er um þessar mundir að finna fjölda einstaklinga sem búa að viðamikilli og fjölbreyttri háskólamenntun. Stofnunin vill því með þessu bréfi vekja athygli á þeim möguleika að ráða gott starfsfólk og fá til þess starfsþjálfunarstyrk. Er þeirri spurningu því beint til ykkar hvort þau sumarstörf sem falla til hjá ykkur nú í sumar gætu ekki staðið þessum atvinnuleitendum til boða.

Vinnumálastofnun efndi til svipaðs átaks í fyrrasumar og niðurstaðan var sú að tugir atvinnuleitenda fengu annaðhvort tímabundið eða framtíðarstarf í kjölfarið.

Með þessum tölvupósti vill Vinnumálastofnun benda á nauðsyn þess að allir fái tækifæri til að taka þátt í atvinnulífinu og nýta hæfileika sína, menntun og styrk.

Stjórnendur sem vilja nýta sér þennan möguleika er bent á að senda tölvupóst á þjónustuskrifstofur okkar með upplýsingum um störf og starfsftíma og atvinnuráðgjafar okkar verða í sambandi fljótlega í kjölfarið og kanna möguleika á að miðla til ykkar atvinnuleitendum sem gætu hentað.

Styrkurinn getur numið sem nemur annað hvort hálfum eða fullum atvinnuleysisbótum í allt að sex mánuði. Fullar atvinnuleysisbætur eru nú 279.720 kr. á mánuði.

Höfuðborgarsvæðið: [vinnumidlun@vmst.is](mailto:vinnumidlun@vmst.is)

Vesturland: [vesturland@vmst.is](mailto:vesturland@vmst.is)

Vestfirðir: [vestfirdir@vmst.is](mailto:vestfirdir@vmst.is)

Norðurland vestra: [nordurland.vestra@vmst.is](mailto:nordurland.vestra@vmst.is)

Norðurland eystra: [nordurland eystra@vmst.is](mailto:nordurland eystra@vmst.is)

Austurland: [austurland@vmst.is](mailto:austurland@vmst.is)

Suðurland: [sudurland@vmst.is](mailto:sudurland@vmst.is)

Suðurnes: [sudurnes@vmst.is](mailto:sudurnes@vmst.is)

Við hlökkum til samstarfsins.

Með góðri kveðju,

  
Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnumálastofnunar